um frv. til l. um breyt. á l. um útvarpsrekstur ríkisins, nr. 68 28. des. 1934, sbr. l. um breyt. á þeim lögum, nr. 88 23. des. 1966.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Henni hafa borizt umsagnir um frv. frá eftirtöldum aðilum: fjármálaráðuneytinu, útvarpsstjóra og Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda. Mælir félagið með samþykkt frv., en útvarpsstjóri gegn því.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins segir m. a., að það geti fyrir sitt leyti fyllilega fallizt á forsendur þess, að frv. sé flutt. Hins vegar telur ráðuneytið, að nauðsynlegt sé að gera ýtarlegri könnun á, hvernig slíka breytingu skuli gera, heldur en tök hafi verið á í sambandi við frv. það, er hér liggur fyrir. Er gerð nánari grein fyrir tæknilegum örðugleikum á því að fella innheimtu útvarpsgjaldsins sem nefskatts inn í núverandi innheimtukerfi opinberra gjalda, og bent á nauðsyn þess, að áður en málinu sé ráðið til lykta, sé framkvæmd tæknileg könnun á því, hvernig þann vanda megi leysa á sem auðveldastan hátt.

Nefndin fellst á þau sjónarmið, sem fram koma í umræddri umsögn fjármálaráðuneytisins, og leggur til í samræmi við það, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að umrædd könnun verði gerð og niðurstöður hennar lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 29. apríl 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Björn Jónsson.
Bjarni Guðbjörnsson.	Einar Ágústsson.	Pétur Benediktsson.
	Sveinn Guðmundsson.	